

## **Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB miðvikudag 24. maí 2011 kl. 19:15 í K-húsi**

Mættir: Lúðvík, Harpa, Helga, Falur, Gummi, Hjördís, Anna, Elín, Sigurbjörg, Herdís og Júlli.

### **1. Farið yfir síðustu fundargerð**

Engar athugasemdir komu fram og var hún samþykkt.

### **2. Fréttir frá þjálfurum ... lok æfingatímabils**

Unnið að lokum hjá hópum. Flutningur á milli hópa hefur verið í gangi. E-mail til foreldra fer út næstu daga um hvernig hóparnir virka og hverjir hætta og hverjir halda áfram. Hópar hætta á mismunandi tímum, fyrstu núna í lok vikunnar, eftir Akranesleika og eftir AMÍ. Þrír elstu hóparnir munu aðeins taka tvær vikur í sumarfrí.

### **3. Uppgjör móta ... Bikar, ÍM50, Landsbankamót og Uppskeuhátíð**

Öll uppgjör hafa verið send á stjórnarmenn og líta vel út. Mikil ánægja með hvernig Uppskeuhátíðin og Landsbankamótið tókst.

### **4. Samningar við þjálfara fyrir nýtt tímabil**

Nefnd að störfum við að semja við þjálfara fyrir næsta tímabil. Anthony hefur umboð til að semja við þjálfara með ákveðnu þaki frá stjórn.

### **5. Skráningar fyrir nýtt tímabil**

Allir sundmenn verða metnir inn í hópana af þjálfurum. Foreldrar geta valið sundlaug en ekki hópa. Við notum skráningarform og sundmenn fá kort sem þeir sem sýna þjálfurum.

Hugmyndir ræddar um að hafa tryggingu sem sundmenn fá endurgreitt ef þeir láta vita ef þeir eru að hætta. Hjördís og Herdís undirbúa skráningardaginn. Huga þarf að SSÍ gjöldum og stungugjöldum. Rætt betur og gjaldkerar koma með tillögu á næsta fundi.

### **6. AMÍ og ÍA-Essó/Akranesleikar**

Hjördís talar við Lindu um að panta buff. Vínrauður grunnur með mörgum litlum ÍRB merkjum.

Nýju sundhettturnar verða inni í AMÍ pakkanum og ÍA-Essó mótinu.

Foreldrafundur 31. maí kl. 20:00 vegna ÍA-Essó. Steindór, Sóley og Guðný fara á mótið.

Foreldrafundur 15. júní 19:30 vegna AMÍ. Eddi og Ant fara á mótið.

Gummi ræðir við fjárlunarnefnd um að setja af stað fjárlöfun fyrir AMÍ.

### **7. Lágmarkamót fimmtudag, 26. maí**

Guðrún er taka saman lista yfir dómara. Byrjun 18:15 og vonandi klárum við um kl.20:00. Mótið er fyrir þá sem eru nálægt AMÍ lágmörkum eða eru að uppfæra tímana sína.

### **8. Skipulag á meðan Ant verður erlendis**

Hjördís, Brynjar, Gunnar og Gígja leysa Ant af. Þau fá öll skriflegar leiðbeiningar og hvernig æfingarnar eiga að fara fram.

### **9. Sjóður sundmanna**

Frestað til næsta fundar

### **10. Sundnámskeið í sumar**

Sóley sér um námskeiðin og fær sundmenn til aðstoðar.

### **11. Önnur mál**

Partý í haust. Tími ákv. síðar.

Gummi sendir ósk um styrk frá Reykjaneshús vegna landsliðsverkefna.

Eddi er að skoða æfingarferð fyrir næsta sumars. Þurfum að skoða kostnað og hve langt við viljum fara.

Næsti fundur verður 21. júní kl. 19:15